



**FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007-2009

Apríl, 2010

Auður Magnús Leiknisdóttir

Ásdís Aðalbjörg Arnalds

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands.....	4
Ráð um málefni fatlaðra.....	4
Hlutverk Náms- og starfsráðgjafar í málefnum fatlaðra nemenda	5
Stefnumál og verklag.....	5
Stefna í málefnum fatlaðra.....	5
Stefna gegn mismunun.....	6
Reglur um sértæk úrræði í námi.....	6
Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir.....	6
Fatlaðir háskólastúdentar.....	6
Rannsóknir á fötluðum stúdentum	8
Fræðsla, erindi og ráðstefnur	9
Fræðslufundir og kynningar	9
Erindi og málþing um málefni fatlaðra	9
Þátttaka í ráðstefnum.....	10
Vefur Háskóla Íslands	10
Aðgengi að ytri vef Háskóla Íslands	10
Aðgengi að innri vef Háskóla Íslands (Uglunni)	12
Heimasíða ráðs um málefni fatlaðra	12
Fræðsluvefur um geðheilbrigði og geðraskanir – ged.hi.is	12
Aðgengi að byggingum	12
Aðgengisúttektir	12
Bætt aðgengi	13
Aðgengissetur.....	14
Hagsmunafélög stúdenta	14

Fortúna	14
Manía.....	14
Skyn	15
Verkefnin framundan	15
Til íhugunar.....	16
Heimildir	17

Inngangur

Í reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands er kveðið á um að leggja beri fram skýrslu um málefni fatlaðra við Háskóla Íslands á þriggja ára fresti (Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, nr. 497/2002). Haustið 2006 kom út fyrsta skýrslan sem rituð var til þess að uppfylla þetta ákvæði og tók hún til tímabilsins 2002 til 2006 (Ráð um málefni fatlaðra, 2006).

Í þessari skýrslu verða árin 2007 til 2009 tekin fyrir. Tilgangur skýrslunnar er fyrst og fremst að gera grein fyrir þeirri vinnu og þeim úrbótum sem gerðar hafa verið í málefnum fatlaðra stúdenta og starfsmanna á tímabilinu auk þess sem minnst verður á nokkur verkefni sem til stendur að vinna í nánustu framtíð.

Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands

Stefnumótun í málefnum fatlaðra við Háskóla Íslands er í höndum Ráðs um málefni fatlaðra og Náms- og starfsráðgjöf heldur utan um þjónustu og leggur til úrræði fyrir fatlaða nemendur skólans. Við Háskóla Íslands er einnig lögð áhersla á að auka og efla fræðastarf og rannsóknir í fötlunarfræðum og á málefnum fatlaðs fólks. Þessu hlutverki sinnir Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum og námsbraut í fötlunarfræðum, en boðið er upp á framhaldsnám í fötlunarfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Ráð um málefni fatlaðra

Ráð um málefni fatlaðra stúdenta og starfsmanna við Háskóla Íslands hóf störf árið 2002. Ráðið starfar í umboði Háskólaráðs sem skipar níu manns til setu í ráðinu í þrjú ár í senn. Jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands er formaður ráðsins og stýrir störfum þess. Auk hans eiga skrifstofustjóri NSHÍ og ráðgjafi sem hefur umsjón með málefnum fatlaðra hjá NSHÍ fasta setu í ráðinu. Aðrir í ráðinu eru skipaðir samkvæmt tilnefningum. Hlutverk ráðsins eru meðal annars:

[...] að sjá um stefnumótun skólans í málefnum fatlaðra og framkvæmd hennar, að samhæfa vinnu allra sem sinna málaflokknum, afla upplýsinga um stöðu fatlaðra innan HÍ og hafa frumkvæði að fræðslu um málefni fatlaðra innan háskólasamfélagsins (Háskóli Íslands, 2005a).

Annað ráð um málefni fatlaðra var skipað 1. júlí 2005 til 30. júní 2008. Í febrúar 2009 var umboð ráðsins síðan framlengt til 30. júní 2009. Á fundi háskólaráðs í nóvember 2009 var samþykkt að fela rektor að skipa tímabundið ráð, sem sitja ætti til 30. júní 2010. Stefnt er að því að ljúka endurskoðun um sértæk úrræði í námi, þar sem fjallað er um ráð um málefni fatlaðra, á þessu tímabili. Ákveðið var að skipan ráðsins yrði óbreytt (Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi, tölvuskeyti, 04 febrúar 2010).

Fimm einstaklingar af níu hafa setið í ráði um málefni fatlaðra frá upphafi. Þau eru Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum og forstöðumaður Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum, Ásdís Guðmundsdóttir, kennslustjóri Hugvísindasviðs og verkefnisstjóri Guðfræði og trúarbragðafræðideildar, Valþór Sigurðsson, deildarstjóri Byggingar- og tæknideildar, Gísli Fannberg, deildarstjóri við matsskrifstofu kennslusviðs og Magnús Stephensen skrifstofustjóri Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands. Skipt hefur verið um aðra fulltrúa vegna starfsmannaveiltu. Arnar Gíslason tók við starfi jafnréttisfulltrúa í desember 2007, en starfandi jafnréttisfulltrúi þegar Arnar var í fæðingarorlofi var Bryndís Erna Jóhannsdóttir. Sigrún Valgarðsdóttir hafði gegnt starfi jafnréttisfulltrúa fram á vor 2007, en þar áður höfðu Berglind Rós Magnúsdóttir og Rósa Guðrún Erlingsdóttir gegnt starfinu og

þar með formennsku í ráði um málefni fatlaðra. Hildur Halldórsdóttir, verkefnisstjóri á starfsmannasviði hefur setið í ráðinu á því tímabili sem þessi skýrsla nær til og Ingunn Margrét Ágústsdóttir, náms og starfsráðgjafi tók við setu af Maríu Dóru Björnsdóttur um mitt tímabilið. Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræði, sat þrjá fundi ráðsins á tímabilinu sem varamaður Rannveigar Traustadóttur. Friðrik Ólason og Rakel Adolphsdóttir hafa setið í ráðinu fyrir hönd stúdenta.

Frá því í janúar 2007 til desember 2009 voru haldnir sjö fundir í ráðinu. Á þessum fundum hefur meðal annars verið rætt um aðgengi að byggingum Háskóla Íslands, fræðslu og aðgengi að vef Háskólans, svo eitthvað sé nefnt. Auk þessara funda var haldinn sameiginlegur fundur jafnréttisnefnda HÍ og KHÍ og Ráðs um málefni fatlaðra í apríl 2007. Á þessum fundi var meðal annars farið yfir þau mál sem hafa verið efst á baugi hjá Ráði um málefni fatlaðra síðastliðin ár. Í því sambandi var minnst á þá vinnu sem lögð hefur verið í að gera vefsvæði Háskóla Íslands aðgengilegt öllum notendum hans og vinnu við verklagsreglur og fræðslu um geðheilbrigðismál.

Hlutverk Náms- og starfsráðgjafar í málefnum fatlaðra nemenda

Í *Stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra* stendur að „Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands [hafi] umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og [leggi] til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og [fylgi] eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá aðila sem málið varðar.“ (Háskóli Íslands, 2002). Meðal þeirra úrræða sem Náms- og starfsráðgjöf getur boðið fötluðum nemendum eru val á aðgengilegu kennsluhúsnæði, táknmálstúlkur, aðstoðarmenn við nám, hljóðritun fyrirlestra, lenging próftíma og ritari í prófum (Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, nr. 497/2002).

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hefur umsjón með aðgengissetri á Háskólatorgi og síðan geðspekivefur Háskólans var tekinn í notkun í febrúar 2008, hefur NSHÍ haft umsjón með vefnum.

Stefnumál og verklag

Þær stefnur sem unnið er eftir að málefnum fatlaðra við Háskóla Íslands eru *Stefna í málefnum fatlaðra*, *Stefna gegn mismunun*, *Reglur um sértæk úrræði í námi* og *Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir*.

Stefna í málefnum fatlaðra

Helstu markmið *Stefnu í málefnum fatlaðra* eru að fatlað starfsfólk og stúdentar eigi rétt á viðeigandi úrræðum, að Háskóli Íslands sinni fræðslu um málefni fatlaðra og að háskólasvæðið sé aðgengilegt og öruggt fyrir fólk sem býr við fötlun (Háskóli Íslands, 2002). Endurskoðun á *Stefnu í málefnum fatlaðra* hefur verið á dagskrá ráðs um málefni fatlaðra um nokkurt skeið. *Stefna í málefnum fatlaðra* tekur fremur til stúdenta en starfsfólks og auk þess er þörf á að leggja áherslu á málefni fólks með geðraskanir, en núverandi stefna tekur ekki til geiðheilbrigðismála. Í upphafi árs 2007 var rætt um að fresta endurskoðun á stefnunni þar til sameining HÍ og KHÍ hefði gengið í gegn. Endurskoðunin var aftur til umræðu á fundi ráðsins í mars 2009, en þá var ekki talið að skipunartími ráðsins væri nægur til að ráðast í þá vinnu og þótti eðlilegast að nýtt ráð um málefni fatlaðra sem tæki til starfa sumarið 2009 sæi um þá stefnumótun (Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra nr. 33/2009). Sem fyrr segir tók tímabundið ráð til starfa í desember 2009, sem var skipað sömu fulltrúum og annað ráð um málefni fatlaðra. Hið tímabundna ráð ræddi um endurskoðun á *Stefnu í málefnum fatlaðra* á fundi sínum í

maí. Rætt var um að stefnan þyrfti að taka mið af félagslegri skilgreiningu á fötlun í stað læknis- og líffræðilegra þátta, eins og áður tíðkaðist (Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra nr. 34/2009).

Stefna gegn mismunun

Í *Stefnu gegn mismunun* er meðal annars kveðið á um að óheimilt sé að mismuna stúdentum og starfsfólki vegna fötlunar þeirra og að Háskólanum beri samkvæmt lögum að „tryggja að byggingar séu aðgengilegar fyrir hreyfihamlaða.“ (Háskóli Íslands, 2005b, bls. 4). Sú stefna sem samþykkt var á háskólafundi í febrúar 2005 er enn í gildi.

Reglur um sértæk úrræði í námi

Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands voru unnar samhliða gerð stefnu í málefnum fatlaðra. Í reglunum er kveðið á um rétt nemenda með einhverskonar hömlun til að njóta sérstakra úrræða. Ekki hefur farið fram endurskoðun á reglunum á því tímabili sem þessi skýrsla nær til. Hins vegar þykir fulltrúum ráðs um málefni fatlaðra mikilvægt að fram fari endurskoðun á reglunum í nánustu framtíð, í samræmi við hinn félagsfræðilega skilning á fötlun sem hefur verið að þróast á undanförunum árum (Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra nr. 34/2009).


Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir

Árið 2005 tók starfshópur um geiðheilbrigðisáætlun Háskóla Íslands til starfa undir stjórn jafnréttisfulltrúa HÍ. Hópurinn samdi *Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir* sem Háskólaráð samþykkti í október 2006. Verklagsreglurnar voru samþykktar fyrir það tímabil sem þessi skýrsla nær til, en þar sem skýrslan um Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002-2006 kom út í sama mánuði og verklagsreglurnar voru samþykktar, var ekki fjallað um þær í fyrri skýrslu um málefnið. Af þeim sökum verður stuttlega fjallað um verklagsreglurnar hér.

Verklagsreglum um úrræði fyrir fólk með geðraskanir er ætlað að samræma vinnubrögð og greina frá úrræðum og þjónustu bæði fyrir nemendur og starfsfólk með geðræn vandamál. Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hefur umsjón með málefnum nemenda sem búa við geðraskanir. Sérfræðingur hjá NSH greinir þarfir nemenda og leitast við að finna málefnum þeirra farveg. Úrræðin sem nemendum standa til boða eru viðtöl, persónuleg ráðgjöf, samkomulag um sérúrræði á náms- eða próftíma, eða tilvísun á meðferðaraðila utan Háskólans. Málefnum starfsmanna, sem búa við geðrænan vanda, er sinnt af starfsfólki starfsmannasviðs, sem leiðbeinir starfsfólki um möguleika á sveigjanleika í starfi, veikindarétt og önnur úrræði. Loks kveða verklagsreglurnar á um upplýsingamiðlun og fræðslu um geðheilsu, geðraskanir og aðgengi að þjónustu. Slíkt starf skal vera í höndum deildarstjóra Náms- og starfsráðgjafar, skrifstofustjóra deilda, starfsmannastjóra og jafnréttisfulltrúa í samvinnu við kennara innan hjúkrunarfræðideildar og sálfræðideildar (Starfshópur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir, 2006).


Fatlaðir háskólastúdentar

Á árunum 2007 til 2008 voru 411 nemendur með samning við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands um sértæk úrræði í námi. Skólaárið 2008 til 2009 voru 462 nemendur með þess háttar samning. Eins og sjá má á mynd 1 hefur umfang þjónustu við nemendur með fötlun eða hömlun aukist mjög frá árinu 1995.



Mynd 1. Fjöldi fatlaðra stúdenta sem nutu úrræða við Háskóla Íslands á árunum 1995 – 2008

Mynd 2 sýnir stærð þeirra hópa sem nýttu sértæk úrræði í námi skólaárið 2007 til 2008, en ekki er búið að taka saman sambærilegar tölur fyrir skólaárið 2008 til 2009. Myndin sýnir að stúdentar með lesblindu eru langstærsti hópur þeirra sem njóta sérúrræða, eða ríflega helmingur.



Mynd 2. Hópar stúdenta sem nýta sértækra úrræða í námi háskólaárið 2007 - 2008

Vert að nefna þá nýbreytni að á Menntavísindasviði er nú boðið upp á starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Fólk með slíka fötlun hefur ekki áður gefist kostur á að stunda nám á háskólastigi. Um er að ræða tveggja ára tilraunaverkefni sem fyrst fór af stað árið 2007. Sá hópur sem þá hóf nám útskrifaðist árið 2009 og síðastliðið haust var ákveðið að framlengja verkefnið til tveggja ára. Nýr hópur nemenda hóf því nám á haustmíssi 2009 og mun útskrifast árið 2011. Með þessu móti er að hluta brugðist við þeim skorti sem var á samfellu í námi fyrir fólk með þroskahömlun, en í

viðtölum sem Lilja Gissurardóttir (2007) átti við sex ungmenni með þroskahömlun kom fram að skortur væri á námstilboðum eftir útskrift úr framhaldsskóla. Rannsókn Lilju var liður í lokaverkefni hennar til BA-gráðu á þroskaþjálfabraut Kennaraháskóla Íslands. Helstu niðurstöður voru þær að ungt fólk með þroskahömlun vildi geta valið um nám sem hentaði þeim og vildi fá tækifæri til starfstengdar menntunar.

Rannsóknir á fötluðum stúdentum

Eitt lokaverkefni um fatlaða háskólastúdentu var unnið á tímabilinu. Það er BA-verkefni Pálu Kristínar Bergsveinsdóttur (2007) sem ber heitið *Þátttaka hreyfihamlaðra nemenda í háskólanám*. Lokaverkefnið er eigindleg viðtalsrannsókn þar sem sjö hreyfihamlaðir nemendur við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands deildu reynslu sinni af háskólanámi. Reynsla viðmælendanna af háskólanámi var að mestu leyti jákvæð. Háskólanám var þeim mikilvægt þar sem það tryggði stöðu þeirra á vinnumarkaðinum. Stuðningur frá fjölskyldu og vinum ásamt viðmóti kennara skiptu þessa nemendur miklu máli. Allir voru þeir sammála um að viðmót kennara væri gott. Hins vegar var upplifun þeirra af viðmóti annarra nemenda í sinn garð ekki eins jákvætt. Þeir höfðu t.d. upplifað afskiptaleysi og að fólk væri feimið við að ræða við nemendur sem væru með sýnilega fötlun. Nemendurnir sem rætt var við voru mjög ánægðir með þá þjónustu sem námsráðgjöf háskólanna veitti þeim. Námsráðgjöf býður nemendum með hreyfihömlun m.a. upp á prófúrræði og aðstoðarmenn. Fimm af sjö viðmælendum fengu aðstoðarmann sér til aðstoðar í náminu og myndaðist gott samband milli hreyfihömluðu nemendanna og aðstoðarmannanna. Viðmælendurnir litu ekki á aðstoðarmenn sína sem þjónustuaðila, heldur sem vini sína. Helsta hindrun þeirra sem stunduðu nám við Háskóla Íslands var slæmt aðgengi að byggingum og skortur á sérmerktum bílastæðum fyrir fatlaða. Þeir sem voru við nám við Kennaraháskóla Íslands sögðu hins vegar aðgengi að byggingum þar vera til fyrirmyndar.

Þó skýrsla þessi nái ekki til ársins 2006, má nefna að Rannveig Traustadóttir (2006) ritaði grein um fatlaða stúdentu sem birtist í *Rannsóknunum í félagsvísindum VII*, haustið 2006, um svipað leyti og skýrslan um málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002 – 2006 kom út. Greinin byggir á nokkrum eigindlegum rannsóknum sem framkvæmdar voru af Rannveigu og nemendum hennar á tímabilinu 1996 til 2006. Í greininni kemur meðal annars fram að aðgengi fyrir fatlaða og þjónusta við þennan hóp nemenda Háskóla Íslands hefur batnað á undanförunum árum. Þó eru hindranir enn til staðar til að mynda í aðgengi hreyfihamlaðra að mörgum byggingum háskólans.

Loks má nefna að í janúar 2009, kom út *Skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003-2007*. Fyrir þá skýrslu voru tekin eigindleg viðtöl við nokkurn hóp stjórnenda skólans og þeirra sem hafa starfað að jafnréttismálum innan Háskóla Íslands. Þar kom fram að fjármagn skortir tilfinnanlega í málaflokkinn svo hægt sé að bæta þjónustu við fatlaða stúdentu. Meðal annars kom fram að kennarar sem hafa fjölfatlaða nemendur í námskeiðum sínum þurfa að sérsníða kennslugögn og próf upp á eigin spýtur án þess að fá greitt fyrir vinnuna (Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2009).

Athygli vekur að hvorki hefur verið ráðist í eigindlega eða megindlega rannsókn á tímabilinu þar sem skoðunum og sjónarmiðum fatlaðra háskólastúdentu er gert skil að undanskilinni áður nefndri lokaritgerð Pálu Kristínar. Þó ber að taka það fram að mikil gróska hefur verið hjá námsbraut í fötlunarfræðum á undanförunum árum. Því til staðfestingar má nefna að sumarið 2008 var í fyrsta sinn veitt doktorsgráða í fötlunarfræðum frá Háskóla Íslands. Þá varði Guðrún V. Stefánsdóttir

doktorsritgerð sína „Ég hef svo mikið að segja“ *Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld* (Rannsóknarsetur í fötlunarfræðu, e.d.).

Fræðsla, erindi og ráðstefnur

Ráð um málefni fatlaðra og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum hafa staðið fyrir ýmis konar fræðslu, erindum og kynningum innan Háskóla Íslands á tímabilinu sem um ræðir.

Fræðslufundir og kynningar

Eitt af verkefnum sem voru á dagskrá þegar skýrslan um *Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002-2006* kom út í október 2006, var að efna til fræðslu um aðgengismál sem ætluð væri umsjónarmönnum, starfsfólki upplýsingaskrifstofu og skrifstofu deilda (Ráð um málefni fatlaðra, 2006). Í apríl 2007, var haldinn fræðslufundur fyrir umsjónarmenn með fulltrúum frá NSHÍ, námsbraut í fötlunarfræðum og byggingadeild ásamt fulltrúum stúdenta þar sem meðal annars var rætt um aðgengismál.

Ráð um málefni fatlaðra hefur einnig tekið þátt í árlegri námskynningu Háskóla Íslands (Háskóladeginum) á tímabilinu. Kynningin er unnin í samstarfi við fjölmarga aðila sem tengjast jafnréttismálum, svo sem hagsmunafélögum nemenda, jafnréttisnefnd HÍ og jafnréttisfulltrúa. Á kynningunni hefur bæklingnum *Háskóli fyrir alla* verið dreift, en hann var einnig sendur til námsráðgjafa allra framhaldsskólanna í apríl 2007 (Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi, tölvuskeyti, 4. febrúar 2010).

Erindi og málþing um málefni fatlaðra

Í fyrri skýrslu um málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands kom fram að á dagskrá ráðs um málefni fatlaðra væri að efna til málþings um geðheilbrigðismál í samvinnu við aðila innan og utan Háskóla Íslands (Ráð um málefni fatlaðra, 2006). Heilsueflingardagar voru haldnir í mars 2007, og ákvað ráð um málefni fatlaðra að bjóða upp á fyrirlestur um geðrækt í tengslum við þessa daga, í samstarfi við Maníu, félag fólks með geðraskanir, og starfsmannasvið. Elín Ebba Ásmundsdóttir, yfiriðjuþjálfari á LSH, hélt fyrirlestur undir yfirskriftinni *Geðrækt, jafnmikilvæg og líkamsrækt* og var hann ætlaður bæði stúdentum og starfsfólki. Fyrirlesturinn var haldinn í hátíðarsal Háskóla Íslands og var hann mjög vel sóttur (Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra nr. 29/2007).

Í nóvember, 2007, stóð Félag um fötlunarrannsóknir fyrir málþingi um rannsóknir með fötluðu fólki, sem haldið var í Odda. Málþingið var haldið í samstarfi við Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Haldnir voru sex fyrirlestrar um ýmsa þætti sem tengjast rannsóknum með fötluðu fólki og var þingið vel sótt (Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, e.d.).

Í apríl 2008 stóð Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum fyrir fyrirlestrarröð í Odda, þar sem flutt voru þrjú erindi er tengdust listum, menningu og fötlun. Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor, og Kristín Björnsdóttir, doktorsnemi í fötlunarfræðum, héldu erindi um samspil fötlunar og lista með því að rýna í birtingamyndir fötlunar í listum, listsköpun fatlaðs fólks og fötlunarlist. Þá flutti Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, bókmenntafræðingur og Kristín Björnsdóttir, doktorsnemi í fötlunarfræði, erindi um birtingarmyndir fötlunar og útskúfunar í Ljóta andarunga H.C. Andersen. Loks fjallaði Friederike Hesselmann meistaranemi og rithöfundur frá Þýskalandi um niðurstöður lokaritgerðar sinnar sem segir frá hlutverkum og ímyndum fatlaðra einstaklinga í 12 kvikmyndum frá Norðurlöndum (Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, e.d.).

Árið 2009 voru haldnir tveir viðburðir í Háskóla Íslands í samstarfi við Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum. Í upphafi árs flutti Arne Lykke erindi um notendastýrða þjónustu í Danmörku og hvaða gildi tæknin hefði fyrir lífsgæði fatlaðs fólks. Um vorið hélt Bríet Berg, dósent við NTNU háskólann í Þrándheimi fyrirlesturinn *Þjóðerni og fötlun: Fjölskyldur innflytjenda og fötluð börn* (Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, e.d.).

Dagana 23. til 25. september, 2009, voru Jafnréttisdagar haldnir í samstarfi við RIFF – alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík. Ráð um málefni fatlaðra var, ásamt jafnréttisnefnd HÍ, einn helsti fjárhagslegi bakhjarl jafnréttisdaga. Í tengslum við Jafnréttisdaga hélt ráðið málþing undir yfirskriftinni *Fötlun og fjölbreytileiki í háskólasamfélaginu (Disability and diversity in universities)*, þar sem fræðikonan Sheila Riddell fjallaði um aðgengi fatlaðs fólks að háskólamenntun. Riddell er prófessor við Háskólann í Edinborg og forstöðukona *Centre for Research in Education Inclusion and Diversity* við sama háskóla. Fyrirlestur hennar fjallaði um hvaða þættir hafa helst áhrif á aðgengi fatlaðs fólks að háskólanámi í Bretlandi, hvernig gengið hefur að auka jafnrétti fatlaðra stúdenta til náms og hvaða hindrunum fatlaðir stúdentar mæta innan bresks háskólasamfélags. Að fyrirlestri loknum fóru fram pallborðsumræður þar sem Eva Þórdís Ebenezersdóttir, þjóðfræðinemi við Háskóla Íslands, Freyja Haraldsdóttir, nemi í þroskaþjálfarafræðum við Háskóla Íslands og Ingunn Margrét Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi frá NSHÍ, sátu fyrir svörum ásamt Sheilu. Fundarstjóri var Rannveig Traustadóttir prófessor í fötlunarfræðum og forstöðumaður Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, e.d.).

Þátttaka í ráðstefnum

Ráð um málefni fatlaðra tók ekki þátt í neinum ráðstefnum á tímabilinu. Hins vegar hélt Ingunn Margrét Ágústsdóttir, námsráðgjafi hjá Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, erindi á NUAS ráðstefnu í Reykjavík, í nóvember 2009. NUAS er norrænt samvinnuverkefni, sem hefur það að markmiði að auka skilvirkni háskóla á Norðurlöndunum og auka samvinnu þeirra á milli. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Student in focus- recruitment, retention and employability* og fjallaði erindi Ingunnar Margrétar um málefni fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands og þjónustu Náms- og starfsráðgjafar við þessa nemendur (Ingunn Margrét Ágústsdóttir, tölvuskeyti, 27. janúar 2010).

Loks má nefna að Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum hefur komið að ráðstefnuhaldi hér á landi. Í apríl 2008 stóð Rannsóknasetrið fyrir ráðstefnuni: *Fötlun, sjálf og samfélag*, á Grand Hótel Reykjavík í samstarfi við Félag um fötlunarrannsóknir. Alls voru haldin tíu erindi og voru aðalfyrirlesarar dr. Nick Watson, prófessor við University of Glasgow og Héðinn Unnsteinsson. Ráðstefnan var vel sótt, en þátttakendur voru um 150 talsins. Þær Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands og Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum, voru báðar með erindi á ráðstefnunni (Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, e.d.).

Vefur Háskóla Íslands

Hér verður fjallað stuttlega um aðgengi fatlaðs fólks að vef Háskóla Íslands og greint frá tveimur undirsíðum vefsins sem snerta málefni fatlaðs fólks, annars vegar heimasíðu Ráðs um málefni fatlaðra og hins vegar geðspekivef sem var tekinn í gagnið á því tímabili sem hér um ræðir.

Aðgengi að ytri vef Háskóla Íslands

Við sameiningu HÍ og KHÍ, þann 1. júlí 2008, var nýr Háskólavefur tekinn í gagnið. Sjá – Viðmótsprófanir ehf. gerði úttekt á vefnum í ágúst 2009. Niðurstöður þessarar úttektar eru birtar á

UT-vefnum svokallaða (www.ut.is), en þar er auk þess að finna niðurstöður úttekta á vefsíðum annarra opinberra stofnana. Sjá ehf. mat innihald, nytsemi, þjónustu og aðgengi fatlaðs fólks að vefnum. Í heild fékk vefur Háskóla Íslands 79 stig af 100 mögulegum. Vefurinn fékk mjög góða einkunn fyrir innihald, nytsemi og þjónustu en á aðgengisþættinum fengust einungis 40 stig af 100 mögulegum (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Í mati á aðgengi var til dæmis kannað hvort Alt- textar fylgdu myndum, hvort upplýsingar væru merkingarbærar án lita, hvernig töflur væru skilgreindar og hvort PDF-skjöl væru læsileg í skjálesara. Í ljós kom að unnt er að stækka letur og breyta litum á vef Háskóla Íslands, efnið þykir skiljanlegt og hnappar eru með textaútgáfu. Sex atriði er snertu aðgengi reyndust hins vegar vera í ólagi. Í fyrsta lagi reyndust Alt-textar ekki fylgja myndum. Alt-textar þessir gera lesvélum kleift að útskýra hvað myndir sýna, skipti þær máli fyrir innihald textans. Samkvæmt Díönu Dögg Víglundsdóttur, vefstjóra Háskóla Íslands (munnleg heimild, 22. febrúar 2010) náðist ekki að ljúka við Alt-texta við myndir áður en úttektin fór fram, en því verður lokið í mars 2010.

Í öðru lagi voru tungumálabreytingum ekki gerð skil. Að sögn Díönu hafa slæðst inn einhver ensk orð á íslenskar síður, þó svo þeim tilmælum hafi verið beint til fólks að nota ekki ensk orð á íslensku vefsíðunum.

Í þriðja lagi reyndust töflur á vefsíðu Háskólans vera í ólagi, þar sem þess var krafist að þær væru bæði með dálka- og raðaupplýsingar. Vefstjórn Háskóla Íslands vissi að þetta væri í ólagi áður en úttektin fór fram. Mjög tímafrekt er að merkja alla reiti í töflum þar sem einungis hefur verið unnt að merkja einn reit í einu. Vefstjórn Háskólans er sem stendur að athuga hvort hægt sé að merkja töflur með forritun.

Fjórdi aðgengisþátturinn sem reyndist vera í ólagi á vefsíðu Háskóla Íslands var að PDF-skjöl voru ekki læsileg í skjálesara. Að sögn Díönu hefur vefstjórninni ekki gefist tími til að merkja hvert einasta PDF-skjal. Vefstjórnin mun reyna að bregðast við þessu vandamáli með því að biðja fólk sem setur efni inn á vefinn sjálf um að merkja skjölin. Sem stendur setja um 70 einstaklingar í stjórnslu og deildum Háskóla Íslands efni inn á vef Háskólans og til stendur að bjóða þessum einstaklingum upp á námskeið í því hvernig eigi að merkja PDF-skjölin.

Í fimmta lagi reyndust ekki vera textaútgáfur af myndböndum. Það kom vefstjórninni á óvart að úttektaraðilar gerðu athugasemd við þennan þátt, þar sem hverju myndbandi fylgdi samantektartexti sem lesvélar geta lesið. Það kom í ljós að ekki var nóg að vera með samantekt, heldur hefði handrit þurft að fylgja myndböndunum til þess að fá stig fyrir þennan lið. Að sögn Díönu liggur mikil vinna í því að skrifa upp handrit að samtals 20 klukkustundum af myndefni. Vefstjórnin hefur af þessum sökum gert athugasemd við þennan þátt úttektarinnar.

Að endingu fékk vefur Háskóla Íslands ekki stig fyrir virkni þegar slökkt er á svokölluðum forskriftum. Forskriftir nefnist ákveðin forritun sem lætur útlit vefsíðna virka í heild sinni. Vefstjórn Háskólans var ósátt við að fá ekki stig fyrir þennan þátt, þar sem talið var að þessi þáttur væri í lagi. Úttektaraðila hefur verið send fyrirspurn vegna þessa.

Það vekur athygli að árið 2007, þegar síðast var gerð úttekt á vefsvæði Háskóla Íslands, fékk vefsíðan 90 stig, en 79 stig fengust í þeirri úttekt sem hér er til umfjöllunar. Árið 2007 var vefnum gefin 90 stig fyrir aðgengisþáttinn, en 40 stig árið 2009. Líklega er slök frammistaða á aðgengisþættinum árið 2009 að einhverju leiti til komin vegna þess að verið var að taka nýjan vef í notkun. Það mun taka einhvern tíma að gera vefinn aðgengilegan og aðgengisúttektin er liður í því ferli. Auk þess hefur umfang vefsvæðisins aukist mjög. Árið 2007 var vefsvæði Háskólans um 1.000 síður en er nú um 13.000 síður, enda voru heimasíður deildanna áður á sérleikum. Að sögn Díönu stendur nú til að færa vefinn yfir í nýrra kerfi og um leið verða töflur, myndir og tungumálabreytingar lagfærðar í samræmi við þau viðmið sem sett eru af úttektaraðila.

Aðgengi að innri vef Háskóla Íslands (Uglunni)

Ofangreind úttekt nær til ytra vefs Háskólans, en ekki til Uglunnar sem er hinn innri vefur. Samkvæmt Ragnari Stefáni Ragnarssyni, deildarstjóra hugbúnaðarþróunar Reiknistofnunar HÍ hefur Uglan aldrei farið í gegnum aðgengisúttekt, en þó voru ákveðnir aðgengisstaðlar notaðir við hönnun á vefsíðunni. Uglan er töluvert flóknari en hinn ytri vefur Háskólans, þar sem vefurinn samanstendur af mörgum flóknum kerfum en ekki einum vef. Þrátt fyrir það, taldi Ragnar æskilegt að gerð yrði úttekt á Uglunni og í framhaldi þyrfti að fara fram vinna við að aðlaga Ugluna í samræmi við niðurstöðu úttektarinnar (tölvuskeyti, 2. febrúar 2010). Málið er nú á borði verkefnisstjórnar Uglunnar.

Heimasíða ráðs um málefni fatlaðra

Í skýrslunni um málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002-2006 var tekið fram að til stæði að endurgera heimasíðu ráðs um málefni fatlaðra og tengja hana við aðrar heimasíður sem fjalla um málefni fatlaðs fólks (Ráð um málefni fatlaðra, 2006). Því verkefni lauk í október, 2007. Heimasíðan er nú vistuð undir síðunni um nefndir háskólaráðs og er enn fremur tengd við vefgátt jafnréttismála í HÍ sem er www.jafnretti.hi.is. Á henni er finna ýmsar upplýsingar um ráðið ásamt tenglum á lög, nefndir, félög og stofnanir sem tengjast málefnum fatlaðs fólks.

Fræðsluvefur um geðheilbrigði og geðraskanir – ged.hi.is

Árið 2007 voru þrír nemendur í hjúkrunarfræðideild, sálfræðiskor og bókasafns- og upplýsingafræðiskor fengnir til að vinna að fræðsluáætlun um geðheilbrigðismál og geðraskanir undir handleiðslu jafnmargra kennara. Síðan var opnuð í febrúar 2008, og fékk lénið ged.hi.is. Vefnum er ætlað að upplýsa nemendur og starfsfólk um stuðningsúrræði sem og að vinna gegn fordómum.

Aðgengi að byggingum

Framkvæmda- og rekstrarsvið Háskólans ber ábyrgð á umbótum í aðgengismálum á háskólasvæðinu, innan bygginga og utan, forgangsraðar verkefnum og leggur fram áform um úrbætur. Framkvæmda- og rekstrarsvið skal auk þess tryggja að aðgengi fatlaðs fólks sé haft í huga við hönnun nýbygginga (Háskóli Íslands, 2002).

Aðgengisúttektir

Í febrúar 2009 gerði Aðgengi ehf. úttekt á nýjustu byggingum Háskóla Íslands, Háskólatorgi og Gimli. Almennt séð þóttu þessi hús ágætlega aðgengileg, þó með þeim undantekningum að leiðarlínur vantaði fyrir sjóndapra á Háskólatorgi, handþurrkukassar á snyrtingum voru of háir fyrir fólk í hjólastól, tölvur ætlaðar nemendum voru ekki í réttri hæð fyrir lágvaxið fólk eða fólk í hjólastól og hætta var á að rafdrifnar hurðar gætu lokast á hægfara fólk (Aðgengi ehf., 2009). Að sögn Valþórs Sigurðssonar, deildarstjóra bygginga- og tæknideildar HÍ (munnleg heimild, 15. mars) hefur þegar verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem gerðar voru við aðgengismál í umræddum byggingum. Þó standi ekki til að koma fyrir leiðarlínum fyrir sjóndapra á Háskólatorgi, vegna þess hve margar línur þyrfti til að vísa veginn að öllum þeim þjónustuborðum sem þar er að finna.

Sams konar úttektir hafa áður verið gerðar á byggingum Háskóla Íslands. Árið 2004 voru Aðalbygging Háskóla Íslands, Lögberg, Oddi, Árnagarður og VR II tekin til skoðunar. Úttektin leiddi í ljós að þó einhverjar úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks hafi verið gerðar í þessum byggingum reyndist ástand þeirra óviðunandi. Lyfturnar í byggingunum þóttu of litlar og kennslustofurnar voru illa aðgengilegar fyrir fólk í hjólastólum. Úttektaraðili kannaði einnig aðstæður utandyra og reyndist viðunandi aðkoma aðeins vera við Lögberg og Odda (Guðmundur Magnússon, 2004). Þessi úttekt,

sem birt er í skýrslunni *Aðgengi fyrir alla*, hefur verið notuð til viðmiðunar þegar gerðar eru áætlanir um endurbætur á byggingum á háskólasvæðinu.

Bætt aðgengi

Undanfarin ár hefur margt áunnist í að bæta aðgengi fatlaðs fólks að byggingum Háskóla Íslands, en ýmislegt er þó eftir til að mæta þörfum allra þeirra sem búa við fötlun. Við gerð áætlunar um framkvæmdir og endurbætur á húsakosti Háskólans er nýjustu byggingareglugerðum fylgt, en bygginga- og tæknideild HÍ styðst einnig við skýrsluna *Aðgengi fyrir alla* sem birtir niðurstöður ofangreindrar úttektar á Aðalbyggingu Háskóla Íslands, Lögbergi, Odda, Árnagarði og VR II (Guðmundur Magnússon, 2004).

Eins og þegar er getið var aðgengi að Aðalbyggingu mjög ábótavant í þeirri úttekt sem gerð var á byggingunni árið 2004 (Guðmundur Magnússon, 2004). Samkvæmt Valþóri Sigurðssyni, deildarstjóra bygginga- og tæknideildar HÍ (tölvuskeyti, 24. febrúar 2010) hefur eitthvað verið unnið að endurbótum á byggingunni síðan þessi úttekt fór fram. Fyrir fimm árum var pallalyftum komið fyrir á skrifstofugangi frá aðalinngangi byggingarinnar. Bilanatiðnin í þessum lyftum var hins vegar mikil og af þeim sökum hafa þær verið fjarlægðar og skábrautir settar á stigaprepin í staðinn. Í Aðalbyggingu hefur einnig verið útbúin ný salernisaðstaða fyrir fatlað fólk á fyrstu og annarri hæð hússins. Sem stendur er verið að undirbúa smíði á nýrri lyftu við húsið, en að sögn Valþórs er það verk mjög umfangsmikið og kostnaðarsamt þar sem brjóta þarf þykka vegg til að koma lyftunni fyrir. Lyftunni er ætlað að komast niður í kjallara hússins og þegar er búið að brjóta niður gömlu katlana sem voru í kjallaranum til þess að það sé unnt. Búið er að teikna upp lyftuhúsið og verið er að ganga frá kostnaðaráætlun og kanna möguleika á því að verkið geti hafist árið 2010. Aðgengi að húsinu utandyra mun verða bætt á sama tíma.

Á tímabilinu sem þessi skýrsla nær til hefur einnig verið unnið nokkuð í að bæta aðgengi fatlaðs fólks að Lögbergi, Árnagarði og Odda. Lóðin austan við Lögberg var grafin upp til að fjarlægja tröppur sem þar voru og nú er þar upphituð skábraut og upphitað bílastæði ætlað fötluðu fólki. Upphitaðri skábraut og bílastæði hefur einnig verið komið fyrir við Árnagarð. Auk þessa hafa verið gerðar nokkrar úrbætur á anddyrum húsa þriggja. Búið er að koma fyrir rafmagnsopnun á útihurð í Árnagarði og Odda og nýr inngangur fyrir fatlað fólk var útbúinn í Lögbergi. Hvað aðstæður innanddyra varðar, hafa teppi verið fjarlægð af öllum gólfum í Lögbergi og pallalyfta hefur verið sett upp að lyftu í Odda.

Minna hefur verið gert til að bæta aðgengi að byggingum vestan Suðurgötu, sem helgast að einhverju leyti af því að meiri þörf hefur verið á að ráðast í framkvæmdir á öðrum byggingum Háskólans. Að sögn Valþórs eru aðgengismál í Háskólabíó, Dunhaga og Haga í nokkuð góðu lagi og aðgengi að VR II var bætt árið 2008 þegar settur var nýr inngangur inn í húsið með rafmagnsopnun. Sem stendur er unnið að því að bæta salernisaðstöðu fyrir fatlað fólk í Neshaga 16 og árið 2010 er stefnt að því að bæta aðgengi að VR I, bæði að innan sem utan. Aðgengi að VR III er hins vegar takmarkað, en það hús er á mörgum pöllum. Sömuleiðis á eftir að koma fyrir rafmagnsopnun að austanverðu í Tæknigarði.

Samkvæmt Valþóri er aðgengi fatlaðra að Eirbergi slæmt. Húsið er á mörgum pöllum og nær allar hurðir eru mjóar, í steiptum veggjum. Búið er að útbúa aðgengi að rannsóknarsetri í norðurenda hússins og útbúa ný bílastæði fyrir fatlað fólk við aðalinnganginn. Þá er búið er að teikna skábraut upp að útidyrum og undirbyggja fyrir hana og áætlun er uppi um að koma nýrri lyftu fyrir í húsinu.

Árið 2008 tók Háskóli Íslands við Stapa við Hringbraut, en húsið hýsti áður Bóksölu stúdenta og Félagsstofnun stúdenta. Miklar endurbætur voru geraðar á húsinu áður en Háskólinn hóf starfsemi í húsinu. Að sögn Valpórs var farið eftir nýjustu byggingareglugerðum um aðgengi í þessum framkvæmdum.

Af öðrum þáttum er tengjast bættu aðgengi fatlaðs fólks má nefna að ráð um málefni fatlaðra hefur unnið að því að bæta aðgengi blindra og sjónskertra nemenda í HÍ í samstarfi við framkvæmda- og tæknisvið HÍ sem ber ábyrgð á umbótum í aðgengismálum á háskólasvæðinu. Til stendur að merkja kennslustofur, skrifstofur og fyrirlestrasali og nota til þess skilti með blindralettri (Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra nr. 33/2009).

Loks ber að geta þess að á næstunni stendur til að birta upplýsingar á heimasíðu Háskólans um aðgengi að byggingum. Síðan er í vinnslu en verður vistuð undir slóðinni: http://www.hi.is/is/skolinn/upplýsingar_um_adgengi

Aðgengissetur

Aðgengissetur var um nokkurt skeið á Landsbókasafni en í upphafi árs 2008 var nýtt aðgengissetur tekið í notkun á Háskólatorgi, á sama tíma og Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands flutti aðsetur sitt á Háskólatorg. Aðgengissetrið er vel tækjum búið og að mati Náms- og starfsráðgjafar er það vel nýtt af stúdentum sem njóta sértækra úrræða í námi. Í setrinu er að finna próftökuherbergi sem nýtist stúdentum sem þurfa að þreyta próf á tölvu vegna dyslexíu, sjónskerðingar eða hreyfihömlunar. Í aðgengissetrinu er boðið upp á ýmis próftökuúrræði. Má þar nefna leiðréttingaforrit fyrir stúdenta með dyslexíu, skjástækkun fyrir sjónskerta og stúdenta með dyslexíu, tölvutækt próf, lesið af þul, sem nýtist stúdentum með dyslexíu, sjónskerðingu og hreyfihömlun, hæðarstillanleg tölvuborð, próf á tölvu með ritara og sérhæfð lyklaborð og stýripinni sem nýtist hreyfihömluðum stúdentum og blindraletursskjár sem nýtist skjónskertum.

Auk próftökuúrræða býður aðgengissetrið upp á vinnuaðstöðu fyrir stúdenta með dyslexíu og skerta sjón, hreyfihamlaða og blinda. Loks býður aðgengissetrið stúdentum með dyslexíu eða skerta sjón tækifæri til að prófa og þjálf sig í notkun hugbúnaðar sem gæti nýst þeim í námi (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (e.d.).

Hagsmunafélög stúdenta

Á tímabilinu bættist eitt hagsmunafélag stúdenta við þau tvö sem fyrir voru.

Fortúna

Fortúna, félag um málefni fatlaðra stúdenta við Háskóla Íslands, hefur það að markmiði að vekja athygli á málefnum fatlaðra stúdenta og að vera málsvari þeirra innan skólans og utan. Félagið hefur legið í dvala um nokkurt skeið.

Manía

Manía, félag fólks með geðraskanir innan HÍ og áhugamanna um málefnið, var stofnað á Alþjóða geðheilbrigðisdeginnum þann 10. október 2005. Markmið félagsins eru að bæta þjónustu við stúdenta og starfsmenn HÍ með geðraskanir, að standa fyrir umræðu um geðraskanir og geðheilbrigði innan Háskólans, að stuðla að samstarfi við nefndir og stofnanir sem koma að málum er varða fólk með geðraskanir og að halda uppi skipulögðu félagsstarfi (Manía, e.d.).

Á tímabilinu hefur félagið Manía verið nokkuð öflugt í að standa fyrir fræðslu um geðraskanir og geðheilbrigði. Haustið 2009 voru haldnir tveir fyrirlestrar á vegum félagsins. Sá fyrri var um þátt umhverfisins við myndun átraskana. Fyrirlesari var Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur í átröskunarteymi Barna- og unglingsgeðdeildar LSH. Síðari fyrirlesturinn, sem haldinn var í samstarfi við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, flutti Árný Ingvarsdóttir, sálfræðingur. Árný fjallaði um sjálfshjálparbókina *Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur?* sem hjálpar börnum og foreldrum að skilja áhyggjur og kvíða barna (Manía, e.d.).

Árið 2008 var haldinn fyrirlestur um áfallastreitu á vegum Maníu. Fyrirlesturinn hélt Berglind Guðmundsdóttir, doktor í klínískri sálfræði, sem hefur sérhæft sig í afleiðingum áfalla og meðferðum við áfallastreituröskun (Manía, e.d.).

Haustið 2007 stóð Manía fyrir tveimur fyrirlestrum í Háskóla Íslands. Á þeim fyrri fjölluðu Bergþór Grétar Böðvarsson og Hallgrímur Björgvinsson um eigin reynslu af geðröskunum. Hinn síðari fjallaði um gjörhygli, sem er nýjung í sálfræðimeðferð og þann fyrirlestur flutti Anna Valdimarsdóttir, sálfræðingur (Manía, e.d.) .

Skyn

Skyn, félag nemenda með sértæka námsörðugleika, var stofnað í apríl 2007. Markmið félagsins eru að gefa nemendum með sértæka námsörðugleika tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra. Félagið hyggst einnig stuðla að aukinni fræðslu, umræðu og rannsóknum á málefnum þeirra sem búa við sértæka námsörðugleika (Skyn, e.d.).

Á fyrsta starfsári félagsins stóð það fyrir undirskriftarsöfnun til þess að reyna að tryggja sjálfstætt fjármagn til námsráðgjafar Háskóla Íslands. Á heimasíðu félagsins stendur að Menntamálaráðuneytið hafi tekið málið til skoðunar. Auk þessa hefur félagið barist fyrir því að ríkið geri samning við Blindrabókasafnið svo safnið geti veitt nemendum Háskóla Íslands hljóðbækur og blindraletursbækur. Loks hefur félagið beitt sér fyrir umbótum á Uglunni, en félagið hefur óskað eftir því að kennarar setji inn upplýsingar um próf og verkefnaskil í dagatal á forsíðu Uglunnar (Skyn, e.d.).

Verkefnin framundan

Starfsáætlun ráðs um málefni fatlaðra liggur ekki fyrir. Að sögn jafnréttisfulltrúa (munnleg heimild, 4. febrúar 2010) hefur gerð starfsáætlunar verið frestað vegna þess að umboð ráðsins er að renna út og einnig vegna þess að gert er ráð fyrir því að samsetning ráðsins verði með öðrum hætti en verið hefur frá og með sumri 2010, en til stendur að fækka í ráðinu. Því þótti rétt að binda hendur nýs ráðs ekki um of.

Þó ný starfsáætlun liggur ekki fyrir, benda umræður sem hafa farið fram á fundum ráðs um málefni fatlaðra til þess að ráðið hyggist koma ýmsu til leiðar á næstunni. Á síðasta fundinum sem haldinn var á því tímabili sem þessi skýrsla nær til, var til að mynda rætt um nauðsyn þess að endurskoða *Stefnu í málefnum fatlaðra og Reglur um sértæk úrræði í námi*, þannig að þessi plögg taki mið af því hvernig skilningur á hugtakinu fötlun hefur þróast á undanförunum árum. Þróunin hefur verið í þá átt að líta á fötlun sem félagslegt fyrirbæri í stað þess að einblína á lækni- og líffræðilega þætti fötlunar. Einnig skortir regluverk utan um málefni fatlaðra starfsmanna við Háskóla Íslands. Rætt var um að einskorða áætlanir og stefnur ekki við lagaskyldu, sem og að vinna með fötlunarfræðinni við mótun nýrra stefna og áætlana.

Loks hafa meðlimir ráðsins fjallað um mikilvægi þess að bjóða stjórnendum innan Háskóla Íslands upp á fræðslu um málefni fatlaðs fólks (Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra, nr. 34/2009).

Til íhugunar

Skýrsluhöfundar telja mikilvægt að ráð um málefni fatlaðra hefji gerð nýrrar starfsáætlunar sem fyrst. Engin starfsáætlun hefur verið unnin frá því í september 2006, þegar lögð voru fram drög að starfsáætlun fyrir árið 2006 til 2007. Tryggja þarf skilvirkni í vinnu að málaflokknum með því að setja fram tímasett og mælanleg markmið.

Við gerð þessarar skýrslu vakti einnig athygli að einungis eitt lokaverkefni um fatlaða háskólastúdenta var unnið á tímabilinu. Það er vert að hvetja til rannsókna á fötluðum stúdentum auk rannsókna á upplifun og aðstæðum fatlaðra starfsmanna við skólann, en engin slík rannsókn hefur verið framkvæmd svo vitað sé. Auk rannsókna á málefnum fatlaðs fólks almennt, er vert að hvetja þá sem vinna að málefnum fatlaðra til að gera reglulega úttekt á þeirri vinnu og hverju hún hefur skilað.

Skýrsluhöfundum þykir ljóst að úttektir á aðgengi að byggingum Háskóla Íslands og ytri vef skólans hafa verið fötluðum stúdentum og kennurum til hagsbóta. Bygginga- og tæknideild HÍ styðst við aðgengissúttektir þegar gerð er áætlun um framkvæmdir og endurbætur á húsakosti Háskólans og sem stendur er vefstjórn skólans að leggja vinnu í að bæta aðgengi fatlaðs fólks að ytra vef Háskólans þar sem tekið er mið af athugasemdum sem gerðar voru við vef skólans í úttekt á honum. Vert er að hvetja ráð um málefni fatlaðra til að þrýsta á um gerð aðgengisúttektar á innra vef skólans auk úttekta á öðrum þáttum sem tengjast þjónustu við fatlaða.

Loks má nefna að það hefur vart farið framhjá neinum að verið er að skera niður fjármagn til háskóla hér á landi. Á sama tíma er Háskóli Íslands að stækka gríðarlega, bæði vegna sameiningar við KHÍ og vegna aukinnar aðsóknar í nám. Samfara þessari stækkun fjölga nemendum sem þurfa sértæk úrræði í námi. Það er því mikilvægt að tryggja að fjármunum verði varið til að sinna málefnum fatlaðs fólks við Háskóla Íslands. Á stefnuskránni er að bæta aðgengi að nokkrum byggingum á háskólasvæðinu og tryggja verður að niðurskurður bitni ekki á þeim áætlunum.

Heimildir

Aðgengi ehf (2009). *Aðgengi með tilliti til allra í Háskólatorgi, Háskóla Íslands*. Reykjavík: Aðgengi ehf.

Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Friðrik H. Jónsson (2009). *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003-2007*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra, nr. 29/2007

Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra, nr. 33/2009

Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra, nr. 34/2009

Guðmundur Magnússon (2004). *Aðgengi fatlaðra að byggingum Háskóla Íslands*. Reykjavík: SHÍ.

Háskóli Íslands (2002). *Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra*. Sótt 7. janúar 2010 af:
http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_i_malefnum_fatladra

Háskóli Íslands (2005a). *Háskóli fyrir alla. Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Háskóli Íslands (e.d.) *Jafnréttisdagar í Háskóla Íslands*. Sótt 7. janúar 2010 af
http://www.hi.is/is/skolinn/fyrirlestrar_og_vidburdir.

Háskóli Íslands (2005b). *Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun*. Sótt 19. janúar 2010 af:
http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_haskola_islands_gegn_mismunun_0

Lilja Gissurardóttir (2007). *Verður maður fræðimaður ef maður fer í háskóla? Rannsóknarritgerð um óskir ungs fatlaðs fólks um nám eftir framhaldsskóla*. Óbirt BA-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands, Proskapjálfabraut.

Manía (e.d.). *Heimasíða Maníu*. Sótt 15. febrúar 2010 af <http://mania.is>.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (e.d.). *Aðgengissetur NSHÍ*. Sótt 22. febrúar 2010 af
http://www3.hi.is/page/namsradgjof_adgengissetur

Pála Kristín Bergsveinsdóttir (2007). *Þátttaka hreyfihamlaðra nemenda í háskólanámi*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagssráðgjafadeild.

Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum (e.d.). *Viðburðir sem haldnir hafa verið í samstarfi við Rannsóknarsetrið*. Sótt 25. febrúar 2010 af
http://www.fotlunarfraedi.hi.is/page/rif_vidburdir_gamalt_geyma

Rannveig Traustadóttir (2006). *Fatlaðir háskólastúdentar*. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 315-325). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ráð um málefni fatlaðra (2006). *Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002-2006*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, nr. 497/2002.

Skyn (e.d.). *Heimasíða Skyn*. Sótt 15. febrúar af <http://skyn.is>.

Starfshópur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir (2006). *Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir*. Sótt 19. febrúar 2010 af <http://www.hi.is/Apps/WebObjects/Hl.woa/swdocument/1009532/Verklag+um+%C3%BArr%C3%A6%C3%B0i+fyrir+f%C3%B3lk+me%C3%B0+ge%C3%B0raskanir.pdf>

Stjórnarráð Íslands (e.d.). *Mat á aðgengi – opinberar stofnanir*. Sótt 16. febrúar 2010 af http://www.ut.is/frameset/go.jsp?url=http://www.hagstofa.is/HOST/dialog/varval.asp%3Fma=FOR01340%26path=../database/forsaetisraduneyti/for09_2/%26lang=3%26ti=Mat+%25E1+a%25F0gengi++++++++